

um breyting á lögum nr. 19 27. júní 1925, um innlenda skiptimynt.

Flm.: Gils Guðmundsson, Bergur Sigurbjörnsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Slegin skal íslensk skiptimynt, er aðeins sé gjaldgeng á Íslandi. Myntirnar gildi 5 krónur, 2 krónur, 1 krónu, 50 aura og 10 aura.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Peningarnir skulu vera kringlóttir og gáróttir í röndina.

3. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Ekki má skakka meiru um rétta þyngd á fimm króna, tveggja króna og einnar krónu peningum, þegar hver peningur er prófaður fyrir sig, en hér segir:

Á fimm króna peningi og tveggja króna peningi 1 af hundraði.

Á einnar krónu peningi  $1\frac{1}{2}$  af hundraði.

4. gr.

2. másl. 7. gr. orðist svo:

Þó skal enginn vera skyldur til að taka við sem borgun í einu meira en 50 krónum í 5 króna peningum, 20 krónum í einnar krónu og tveggja króna peningum og 5 krónum í 50-eyringum og 10-eyringum.

5. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný grein, er orðist svo:

Um öll viðskipti gildir sú regla, að fjárhæð, sem nemur 1 eyri til 5 aurum, telst ekki kræf og fellur niður, en fjárhæð, sem nemur 6—9 aurum, skal reiknast sem 10 aurar.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1956.

Ákvæði til bráðabirgða:

Fjármálaráðuneytið skal ákveða innlausn þeirra mynta, er úr gildi falla með lögum þessum. Skal sú innlausn tilkynnt með auglýsingu með minnst sex mánaða fyrirvara.

Greinargerð.

Tilgangur þeirrar breytingar, sem hér er lagt til að gerð verði á myntkerfinu, er fyrst og fremst sá að draga úr erfiði og kostnaði við aurareikning, létta af ríkinu kostnaði við sláttu þarflausrar smámyntar, samræma myntina hagkerfinu og viðurkenna þá staðreynd, að verðgildi hinna smæstu mynta samsvarar engan veginn fyrirhöfninni, sem því fylgir að hafa þær í umferð.

Jafnframt því, sem gildi peninga hefur rýrnað stórlega hina síðustu áratugi, meðal annars af völdum tveggja heimsstyrjalda og afleiðinga þeirra, hafa menn af eðlilegum ástæðum hneigzt æ meir að notkun sléttra tuga, hundraða eða þúsunda í viðskiptum sínum. Virðist óeðlilegt að fresta því áratugum saman að viðurkenna þá þróun, sem orðin er, með því að breyta aurareikningnum til samræmis við hana.

Slikar breytingar hafa þegar verið gerðar víða erlendis, þar sem verðgildi peninga hefur rýrnað til mikilla muna. Þannig er nú mark lægsta mynt í Finnlandi og franki í Frakklandi, en allar smærri myntir úr sögunni. Svipaðar breytingar hafa gerzt hjá fleiri þjóðum.

Helztu áhrif þeirrar breytingar, sem hér er um ræðir, að hætta sláttu 25-eyringa, 5-eyringa, 2-eyringa og einseyringa, virðast þau, að sparast mundi allmikil vinna við skrifstofu- og bókhald margra fyrirtækja, kostnaður ríkisins við myntsláttu lækkaði, og almenningur yrði losaður við hvítleiða smámynt, sem misst hefur nálega allan kaupmátt.

Ýmis fyrirtæki, svo sem Eimskipafélag Íslands, Skipaútgerð ríkisins og sumar deildir bankanna, hafa þegar tekið upp þann hátt að láta reikninga alltaf hlaupa á 5 eða 10 aurum. Er það gert til að spara vinnu, og mun engum viðskiptavini þessara stofnana hafa þótt mein að nýbreytninni. En ef einstök fyrirtæki eiga að bera allan veg og vanda af þessari þróun, er hætt við, að hún gangi seint og misræmis gæti enn um langa hríð. Virðist orðið tímabært, að löggjafarvaldið breyti aurareikningnum í samræmi við þá staðreynd, að brottfall hinna smæstu mynta, sem nú eru í umferð, mundi verða til aukins hagræðis í viðskiptum.